

9 Dec 2025 | 📅 Fundur í YFN BLI 9.des 2025

Fundur settur kl 20:00 og slitið kl 21:50

Fundarritari: Gunna Stína, formaður YFN BLI

Mætt voru fulltrúar frá: Aftureldingu, HK, KA, Vestra, Þrótti Fjarðabyggð og Þrótti Reykjavík :

Gunna Stína Einarsdóttir Hulda Björgvinsdóttir Eldey Hrafnisdóttir

Signý Þöll Kristinsdóttir Sigurgeir Hallgrímsson Sara Lind Stefánsdóttir

Blakdeild Þróttar Nes Neskaupstað Laufey Björk Sigmundsdóttir Era Rán Kjartansdóttir,
Katrín Einarsdóttir framkv stj. BLI

Yfirferð eftir síðustu 2 mót

Hvernig gengu mótin:

- **Skráningin**

1) HK: Skráningi gekk ágætlega - vandamál með netföngi nog það batterí sem og nafnalistana.

2) Þrótti R: Sama og hjá HK, Laufey samþykkti inn flest U12 liðin hjá Þrótti

3) Afturelding: Gekk ágætlega að fá inn netföngin nema hjá einstökum liðum. Nafnalistar skiluðu sér nokkuð rétt og voru allir komnir undir liðin á mótinu og voru sýnilegir.

- **Umsjón og dómgæsla**

- HK: Gekk mjög vel og krakkarnir mjög duglegir að dæma og engin hræðsla við það. Þurfti að ganga svoldið á eftir liðunum varðandi umsjónina og að setja inn leikina. Sérstaklega hjá U14 krökkunum svo þurfa aktíva umsjón þar.
- Þróttur R: Var að gera þetta í fyrsta skiptið en fannst dómgæslan ganga vel en hefði þurft að hafa fleiri með sér í umsjóninni að fylgja eftir og var einfaldara að setja inn leikina bara sjálf.
- Afturelding: Dómgæslan gekk mjög vel hjá krökkunum og umsjónin í langflestum tilfellum mjög góð. Eitt lið sem ekki tékkaði á sínum fyrstu umsjónum en liðin sáu um umsjón á fyrstu leikjum dagsins líka og öll hin liðin skiluðu sér.

- **Almennt varðandi umsjón og dómgæslu:** Krakkarnir að standa sig frábærlega og þetta er ekkert vandamál fyrir þau. Bæði foreldrar og þjálfarar eru miklu minna vandamál en í fyrra þegar við byrjuðum á þessu og nánast engin vandamál á þeim fronti. Við teljum að þetta eigi eftir að skila blaksamfélaginu betri dómurum í framtíðinni og viðhorf til dómara eigi eftir að batna.

- **Samskipti við lið og félög fyrir og meðan á mótinu stóð**

- HK: Gekk ágætlega en það gekk illa að fá inn nafnalistana og þeir komu alla veganna inn svo þurfti að vinna þá upp. Þarf kannski að senda betri upplýsingar um HVAÐ á að vera á þeim. Þó voru þær upplýsingar sendar út á alla en skiluðu sér greinilega ekki á þá sem sendu þá.
- Þróttur R: Samskipti gengu vel
- Afturelding: Erfitt að fá frá sumum félögum og þurfti að ýta talsvert á sömu aðila. Eins og að skilaboðin sem eru send á félögin séu ekki að skila sér alla leið til þjálfara og liðsstjóra.
- **Hugmynd** að mótshaldari búi til viðburðarsíðu sem ætluð er þjálfurum og liðsstjórum og félögin sjái til þess að koma upplýsingum í sínar raðir um þessa síðu og ýti á sitt fólk fylgist með síðunni Eins og staðan er núna þá eru mjög fáir

að fylgjast með viðburðasíðu mótanna þrátt fyrir að búið sé að senda á öll félög og allar upplýsingar komi þar fram. Spurning hvort þurfi að finna annann samskiptamáta? WhatsApp t.d ? En það er klárt mál að samskiptin innnan félaganna eru ekki að skila sér til þeirra sem þurfa að fá þær eða að þeir sem eigi að fá þau sé bara alveg sama.

- **Mótakerfið og umbætur þar.**

- Það sem er í pípunum núna og Oddur segir að verði komið fyrir næsta mót er:
 - Hægt sé að prenta út hvern völl fyrir sig með öllum leikjum.
 - Að hægt sé að prenta út leikskýrslu þar sem kemur fram nafn liða sem eiga að spila, tíminn, völlurinn og hver á umsjón með leiknum
 - Reyna að gera kerfið aðgengilegra þannig að hægt verði að fara beint inn í það án þess að nota netföng og lykilorð. Hugmynd eins og félögin gera í leikjum á vegum BLI. Það er í skoðun og hefur með öryggisstaðla að gera sem þeir vilja að séu fyrir hendi í þessu mótakerfi.

- **Mótagjöldin.**

- Í reglum BLI stendur: *Þáttökugjöld verða send út með greiðsluseðlum frá BLÍög skulu vera greidd a.mk. 10 dögum fyrir mót.* Ef félag dregur lið úr móti eftir að búið er að setja upp mótið þá verði mótagjöldin ekki endurgreidd.
- Miðað við þessa reglu þá ættu öll félög að vera tilbúin með fjölda liða og fjölda manns í gistingu og fæði í síðasta lagi einni viku fyrir mótið og ættu því að geta sent þær upplýsingar til mótshaldara.
- Stefnt að því að mótið sé uppsett og tilbúið fyrir öll lið ekki seinna en helgina áður en mótið hefst. Þannig hafa þjálfarar og liðsstjóra tíma til að kynna sér leiki og umsjón sinna liða.
- Nafnalistar skulu einnig vera komnir til mótshaldara ekki seinna en viku fyrir mót. Hægt er að leiðrétta ef þarf þangað til mótið hefst ef þess þarf. En mikilvægt að félög skili inn nafnalistum í réttu formi og ekki seinna en viku fyrir mótið.

- **Samskipti við afreksstjóra BLI**

- Afreksstjóri BLI, sem er Borja, er ekki eingöngu að vinna fyrir A landsliðin. Hann er að setja mikin tíma í uppbygginguna og hefur sent út pósta með hugmyndum og fyrirspurnum til félaga en fær engin svör. Bara þögn í blaksamfélaginu. Þetta er ekki gott og við þurfum öll að bæta okkur þar. Eins og hann segir sjálfur: Þó félag geti ekki tekið þátt þá verð ég að fá að vita það bara svara þá með neitun frekar en að hunsa bréfið frá honum.

- **U20 mótið**

Á fyrri fundi var stungið upp á því að færa U20 mótið sem vera á sömu helgi og úrslitahelgin í 1.deildunum. . Ekkert hefur heyrst frá mótastjóra varðandi það. **Við leggjum til að mótið verði haldið sömu helgi og U12 og U14 er haldið í maí.** HK athugar með Fagralund á laugardegi og Digranes á sunnudegi fyrir mótið. Mikilvægt að það sé eitthvað í gangi fyrir þennan aldurshóp eftir marsmánuð því þau eru að æfa flest út maí og að þessi aldurshópur fái að spila og vera á eigin móti með sínum aldurshópi. Mjög mikilvægt frekar en að vera að taka þátt í neðri deildar mótunum sem eru allt aðrar forsendur fyrir krakkana og eru búin um miðjan mars

- U14 drengir
 - Við stingum upp á að Borja haldið teams fund með þjálfurum allra félaga og taki umræðuna með þeim á Teams sem er skipulagður af BLI. Ræða þannig beint við þjálfarana hvað þeir telji að best sé að gera varðandi strákana og fjölgun þar og hvernig næstu mót verði spiluð. Við teljum að þjálfararnir eigi að ákveða þetta í sameiningu.
- **Varðandi næsta mót þá er mikilvægt að Þróttur Nes og KA séu í góðu sambandi við Odd og því fyrr því betra upp á það hvort viðbætur séu komnar í kerfið. Nú er þetta í okkar allra höndum að ná fram úrbótum.**
- **Viðbót frá formanni yngri flokka nefndar:** Fyrir Bikarmót U14 og U20 sem haldið var að Varmá var búið var að biðja BLI um að fá stjórnarmeðlim til að afhenda sigurvegurum bikara sína á verðlaunaafhendingunni. Engin úr stjórn BLI lét sjá sig við verðlaunaafhendinguna sem er mjög miður því stjórn BLI ætti að sýna þessum krökkum og mótum þeirra þá virðingu að mæta í verðlaunaafhendingu amk.